

Nr. 112

2. mars 1979


Fitumælingar á síld haustin 1977 og 1978

Emilía Martinsdóttir
Jóhann Þorsteinsson
Sigurður Pálsson

Haustið 1977 var úthlutað 10.000 lesta veiðikvóta á síld til reknetabáta og 17.800 lestum til 89 hringnótabáta. Síldveiðar í reknet voru leyfðar frá og með 20. ágúst. Reknetabátum frá Snæfellsnesi var veitt leyfi til að veiða 300 lestir nokkrum dögum fyrr til að kanna veiðisvæðin vestanlands. Hringnótaveiðar hófust 20. september og lauk 30. nóvember. Alls tóku 57 reknetabátar og 77 hringnótabátar þátt í veiðunum. Afli reknetabátanna var 13.176 lestir og hringnótabátanna 15.466 lestir. Alls voru saltaðar um 152.000 tonn.

Haustið 1978 var úthlutað 35.000 lesta kvóta til reknetabáta og hringnótabáta. Alls veiddu 62 reknetabátar og 80 hringnótabátar. Afli reknetabátanna og hringnótabátanna samtals var um 34.900 lestir. Alls voru saltaðar um 195.000 tonn.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annaðist lengdar-, þyngdar- og fitumælingar á síld til söltunar samkvæmt beiðni Síldarútvegsnefndar. Framleiðslueftirlit sjávarafurða annaðist sýnatöku. Einnig voru mæld sýni af skipum Hafrannsóknastofnunar. Árið 1977 voru alls mæld 82 sýni. Frá miðjum ágúst til nóvemberloka meðan á síldveiðum stóð voru mæld 76 sýni. Árið 1978 voru alls mæld 105 sýni. Frá miðjum ágúst fram í miðjan desember voru mæld 101 sýni. Sýnin voru mæld bæði í Reykjavík og Vestmannaeyjum.



Meðalbúkfita þeirra síldarsýna, sem mæld voru haustið 1978 var að meðaltali 15.7%, en fita heilsíldar var að meðaltali 16.4%. Meðalbúkfita þeirra síldarsýna, sem mæld voru haustið 1977 var að meðaltali 14.4%, en fita heilsíldar var að meðaltali 15.7%. Á Rannsóknastofnuninni eru til niðurstöður sams konar mælinga á síld frá árinu 1969-1976 og hafa þær verið birtar í Tæknitíðindum nr. 74 og 94. Á þeim árum mældist fitan lægst árið 1975 eða að meðaltali um 15.9%. Meðalbúkfitan 1977 og 1978 og þá einkum 1977 er því lægsta fita, sem mælst hefur í síld, sem veidd hefur verið við Suður- og Suðvesturland til söltunar um árabil.

Meðalbúkfita mældist mun hærri í smáu síldinni (minni en 30 sm) árið 1977 en þeirri stærri, 1978 mældist hins vegar lægri fita í smáu síldinni (sjá töflur 2 og 3).

NIÐURSTÖÐUR

Síldin var vegin, lengdarmæld og flokkuð eftir stærð, síðan hausuð, slægð og mæld fita í hverjum stærðarflokki, einnig var yfirleitt mæld fita í heilli síld. Mörk stærðarflokkanna voru ákveðin af Síldarútvegsnefnd.

Í töflu 1 er meðalbúkfita síldar eftir mánuðum 1975-1978.

Í töflu 2 og 3 eru vikumeðaltöl fitumælinga 1977 og 1978 eftir stærðarflokkum, einnig meðalbúkfita, fita heilsíldar, meðalþyngd og lengd í sýni.

Tafla 1. Meðalbúkfita síldar við Suður- og Suðvesturland.
(meðaltal mánaða).

Ár	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
1975	15.4(10)	17.0(10)	16.6(22)	15.3(20)	14.5(5)
1976	17.3(4)	18.1(19)	17.8(19)	16.3(19)	15.4(2)
1977	13.2(15)	16.1(17)	14.8(27)	13.9(17)	
1978	14.6(14)	17.0(23)	16.4(31)	15.1(25)	12.3(8)

Tölurnar í svigum eru fjöldi mælinga, sem meðaltalið byggist á.

Tafla 2. Vikumeðaltöl fitumælinga á síld 1977.

	Búkfita % eftir stærðarflokkum					Meðal- búkfita %	Heil- fita %	Meðal- þyngd g	Meðal- lengd sm	Fjöldi mælinga
	34 sm og stærri	32-34 sm	30-32 sm	28-30 sm	26-28 sm					
14-20/8	13.3	12.9	15.1			13.2	13.3	299	33.9	3
21-27/8	12.2	11.9	12.6	15.4	19.2	12.6	12.7	289	32.9	8
28-3/9	15.3	14.4	15.1	20.0	20.5	15.9	16.8	266	32.1	7
4-10/9	14.8	14.4	13.3	16.3	19.7	15.2	16.0	264	31.5	5
11-17/9	14.0	12.8	15.2	18.3	20.5	16.8	20.1	196	29.5	1
18-24/9	15.1	14.2	13.7	16.9	19.3	15.3	15.6	257	32.1	4
25/9-1/10	16.5	16.0	16.0	19.2		16.8	17.6	249	32.0	4
2/10-8/10	14.6	14.3	15.0	18.5	18.7	14.6	16.0	287	33.9	5
9/10-15/10	14.7	14.0	13.9		18.0	14.4	15.8	279	33.0	4
16/10-22/10	15.0	14.4	14.7	16.9	17.9	15.1	15.9	256	32.3	7
23-29/10	14.7	14.2	14.1	17.4	17.4	14.9	14.9	252	32.3	10
30/10-5/11	13.4	14.2	14.6	16.3	17.3	14.4	15.7	255	32.2	6
6-12/11	14.0	13.5	13.7	16.1	18.4	14.0	15.0	266	32.9	7
13-19/11	14.1	12.8	12.1	14.7		13.6	13.8	260	32.8	3
20-26/11	12.7	11.2	11.9	13.7	16.7	12.7	13.4	217	30.0	2
Meðaltal	14.3	14.0	14.2	16.8	18.4	14.4	15.7	257	32.0	76

Tafla 3. Vikumeðaltöl fitumælinga á síld 1978.

	Búkfita % eftir stærðarflokkum					Meðal- búkfita %	Heil- fita %	Meðal- þyngd g	Meðal- lengd sm	Fjöldi mælinga
	34 sm og stærri	32-34 sm	30-32 sm	28-30 sm	26-28 sm					
13-19/8	12.6	11.2	16.7	17.0		12.7	12.3	303	33.8	2
20-26/8	15.3	13.6	14.8	16.0	18.4	15.2	15.0	267	31.6	9
27/8-2/9	15.1	14.2	16.3	15.0	15.0	14.9	14.2	262	31.6	5
3-9/9	18.5	16.5	17.5	16.9	17.8	18.1	18.5	289	32.7	6
10-16/9	18.2	16.5	16.5	16.7		17.2	18.8	269	32.0	4
17-23/9	17.5	17.1	16.2	17.2		17.0	17.6	264	31.8	5
24-30/9	16.3	16.1	15.6	15.4		16.1	16.6	283	32.5	6
1-7/10	17.7	16.7	16.3	16.5		17.1	17.9	269	31.8	6
8-14/10	16.9	16.7	15.2	16.6	14.6	16.4	16.7	275	31.8	8
15-21/10	16.9	16.7	16.7	16.1	15.0	16.6	17.4	259	31.4	9
22-28/10	15.9	16.5	16.6	15.3	15.2	15.9	16.6	233	30.0	6
29/10-4/11	15.8	15.1	15.6	15.6	14.8	15.5	16.3	257	31.5	5
5-11/11	16.6	15.7	15.9	15.0	14.7	16.1	16.7	251	31.1	6
12-18/11	15.4	15.2	15.4	14.6	13.4	15.1	16.6	254	31.1	8
19-25/11	15.5	14.8	14.5	13.5	13.0	14.0	15.5	195	29.1	7
26/11-2/12	14.4	15.0	12.9	12.8		13.9	14.9	239	31.4	1
3-9/12	13.3	13.6	13.8	12.5		13.4	14.6	274	29.3	3
10-316/12	12.6	12.2	13.5	12.5	11.3	12.2	12.3	181	27.9	5
Meðaltal	15.9	15.6	15.7	15.4	14.2	15.7	16.4	258	31.1	101